



Fréttabréf Skeiða- & Gnúpverjahrepps

3. tbl - 17. árg - April 2020

Lokakvöld Uppsveitadeildarinnar!

Lokakvöld Uppsveitadeildarinnar fór fram í reiðhöllinni á Flúðum 13. mars síðastliðinn. Mikil eftirvænting var í loftinu, tvær greinar eftir, staðan jöfn í liða og einstaklingskeppninni og ljóst að allt gat gerst á lokametrunum. Reynir Örn var efstur eftir forkeppni í tölti og hélt þeirri forystu allt til loka.

Skeiðið var ekki síður spennandi og margir frábærir tímar náðust! Það var þó bara einn sem náði tíma undir 3 sek og meira að segja tveimur sprettum og það var sigurvegarinn Þorgeir Ólafsson á Ögrunn frá Leirulæk fyrir lið Friðheima/Skjóls.

Nokkrar sviptingar urðu á röðun efstu knapa og liða í samarlögðum stigum en efstu sætin héldust þó óbreytt frá síðasta móti.



Liðakeppnin var ekki síður spennandi. Lið Storm Rider átti gott kvöld og varð stigahæsta liðið bæði í tölti og skeiði. Það var því ljóst að hörð atlaða var gerð að fyrsta sætinu. Lið Árbæjarhjáleigu endaði í þriðja sæti, lið Storm Rider stökk upp í annað sæti en það varð að lokum lið Kílhrauns sem stóð uppi sem sigurvegari eftir gott gengi í öllum greinum vetrarins.

Framkvæmdanefnd þakkar kærlega öllum sem að deildinni



komu fyrir skemmtilegan vetur. Styrktaraðilum fyrir stuðninginn, áhorfendum og dómurum og öðru starfsfólki fyrir sitt framlag og að lokum knöpum fyrir frábæra skemmtun. Við óskum sigurvegurum innilega til hamingju með frábæran árangur.

Ítarlegri úrslit og myndir má finna á facebook síðum Uppsveitadeildar sem og síðum hestamannafélaganna.

Einstaklingskeppni

1: Þorgeir Ólafsson - Friðheimar/Skjól	71
2: Hekla Kátharína Kristinsdóttir - Árbæjarhjáleiga	67
3: Helgi Þór Guðjónsson - Kílhraun	64
4: Rósa Birna Þorvaldsdóttir - Kílhraun	63
5: Ragnhildur Haraldsdóttir - Kílhraun	58

STIG

Liðakeppni

1: Kílhraun	185
2: Storm Rider	181,5
3: Árbæjarhjáleiga	162
4: Friðheimar/Skjól	149,5
5: Meistari Loftur	88,5

STIG



Afmælistilboð **Landstólpa** **VALLARFOXGRAS TUUKKA Á** **20% AFSLÆTTI Í APRÍL**

Við hjá **Landstólpa ehf.** höfum innflutning á Vallarfoxgrasi Tuukka árið 2011 en fram að þeim tíma hafði Vega verið okkar aðal yrki í Vallarfoxgrasi. Í mörg ár höfðum við keypt sáðvöru frá hollenska fyrirtækinu Barenbrug og þá aðallega sumar- og vetrarrýgresi, fjölært rýgresi og vetrarrepu. Okkur fannst vanta gott Vallarfoxgras yrki til að hafa á móti Vega og eftir þó nokkrar samningaviðræður bauðst okkur finnska yrkið Tuukka frá Boreal. Það var þá algjör nýjung en við ákváðum að slá til og höfum við ekki séð eftir því, enda hefur það reynst afar vel við íslenskar aðstæður.



~~kr. 840 m. vsk~~ pr/kg **kr. 680 m. vsk.**
25 kg í sekk

FRÍ HEIMSENDING

*Ef verslað er fyrir 30.000 kr. eða meira



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Brot úr 37. fundi sveitarstjórnar – 1. apríl 2020 – Fjarfundur

1. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI SVEITARSTJÓRNARLAGA 2020

Lögð er fram tillaga að tímabundinni heimild til breytinga á fyrirkomulagi funda sveitarstjórnar og fastanefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps meðan neyðarstig almannavarna er í gildi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fjarfundarbúnaður verði notaður á fundum sveitarstjórnar og fastanefnda Skeiða – og Gnúpverjahrepps, er þetta gert til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar og nefnda og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Hvað varðar samþykki sveitarstjórnarfulltrúa á fundargerðum

sveitarstjórnar. Þá samþykkir sveitarstjórn að tekinn verði upp annar háttur tímabundið og vikið verði frá þeim fyrirmælum er fram koma í leiðbeiningum sveitarstjórnarráðuneytisins um ritun fundargerða, nr. 22 frá 2013.

Fundargerð skal deilt með fundarmönnum til yfirlestrar sem skal síðan staðfest með tölvupósti sem vistaður verður í málaskrá sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

2. FULLTRÚÍ Í SAMSTARFSHÓP UM VERNDUN OG STJÓRNUN FRÍÐLÝSINGAR Í ÞJÓRSÁRDAL

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun, undirritað af Hákonni Ásgeirssyni þar sem óskað er eftir

að sveitarstjórn tilefni fulltrúa við gerð stjórnunar – og verndunaráætlun fyrir friðlýst svæði í Þjórsárdal. Samþykkt samhljóða að skipa Björgvin Skafta Bjarnason sem fulltrúa í hópinn.

3. VIÐBRÖGÐ VIÐ KOVIT 19 FARALDRI.

Sveitarstjórn samþykkir heimild til að veita frest á eindögum fasteignagjalda í mars, apríl, maí og júní 2020 hjá rekstraraðilum í sveitarfélaginu. Samþykkt þessi nær til fasteignagjalda í gjaldflokki C af eignum fyrirtækja sem hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19 veirunnar. sem bera fasteignaskatt í c flokki. Ákveðið verði síðar hvenær greiðslur samkvæmt ofangreindum gjaldögum eigi sér stað.

Stuðst verður við skilgreiningar sem ríkið mun beita við mat á því hvort og í hvað tilfelli sýni um verulegt tekjutap sé að ræða sem við mat á því hvenær fyrirtæki sem um ræðið hafi getu til að greiða þá gjalddaga sem frestað verður.

Þess er vænst að Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórn komi sem fyrst á fót þjónustugátt þar sem umsókn um frestun eigi sér stað. Skál umsókn um ofangreinda frestun fara fram í gegnum slíka gátt.

Með því móti geti fyrirtæki sótt um frestun gjalda ríkis og sveitarfélaga á einum stað

Tekið verði tillit til breytinga á tekjustreymi með greiningu. Að svo stöddu eru ekki forsendur fyrir greiningu af því tagi. Samþykkt samhljóða.

Vegna áhrifa COVID-19 veirunnar á skipulag skóla- og leikskólastarfs samþykkir sveitarstjórn að mötuneytisgjöld verði ekki innheimt vegna leikskólabarna og nemenda í grunnskóla þegar börn eru heima vegna sóttkvíar, veikinda eða ákvörðunar foreldra enda séu fjarvistir vegna þessa ávallt í heilum vikum. Samþykkt samhljóða

4. BEIÐNI UM FRESTUN Á GREIÐSLU FASTEIGNASKATTA VEGNA COVID-19.

Lögð fram erindi frá þremur

aðilum í ferðaþjónustu sem óska eftir frestun á greiðslu fasteignagjalda. Beiðni þeirra verður mætt með samþykkt í dagskrárlið nr. 2.

5. SAMNINGUR UM HÓLASKÓG.

Lögð fram drög að samningi milli sveitarfélagsins og Rauðakambshf um leigu á fjallskálanum í Hólaskógi ásamt landspildu. Afgreiðslu málsins frestað.

8. HÚSNÆÐISÁÆTLUN 2020-2025.

Máli frestað, beðið afgreiðslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

10. KLETTAR FRAMKVÆMDIR. FRAMHALD FRÁ FYRRI FUNDUM.

Ásgeir Eiríksson hefur í hyggju að byggja þvottahús og starfsmannaíbúðir vegna ferðaþjónustu sem hann rekur. Lagt var fram samþykki íbúa í Sandlækjarkoti fyrir framkvæmdinni. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að framkvæmdir verði leyfðar.

11. SAMNINGUR MILLI SKOGL OG LV UM BRÚ FYRIR OFAN ÞJÓFAFOSS.

Lögð fram drög að samningi milli. Landsvirkjunar, Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps auk Sveins Sigurjónssonar um þverunarmannvirki yfir gamla farveg Þjórsár við Þjófafoss. Sveitarstjórn samþykkir drögin fyrir

sitt leyti með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá.

12. SAMNINGUR UM REFAVEIÐAR.

Samningar um refaveiðar við núverandi verktaka eru runnir út. Sveitarstjóra falið að ræða við núverandi verktaka um endurnýjun samninga. Gerð verði krafa í samningum um GPS merkingu grenja í sveitarfélaginu.

14. SKÓLABRAUT – LÓÐIR.

Lögð fram og kynnt drög að breytingu lóðar við Skólabraut 5. Rætt um þörf á að taka tilliti til slyshættu við Skólabraut. Samþykkt að fela sveitarstjóra að leita eftir úrræðum til að draga úr slyshættu við Skólabraut.

18. ÍPRÓTTA- OG FÓTBOLTAFFÉLAG UPPSVEITA BEIÐNI UM STYRK.

Lagt fram erindi frá stjórn nýstofnaðs íþróttafélags Uppsveita. Undirritað af Sólmundi Sigurðssyni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að félagið fái frí afnot af íþróttastöðu í eigu sveitarfélagsins til æfingahalds. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að styrkja félagið um 100.000 kr. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

ERINDI NR. 6, 7, 9, 13, 15, 16, 17, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25 ER AÐ FINNA Á VEFÍÐU SVEITARFÉLAGSINS.



Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl. kl 16:00. í Teams fjarfundarbúnaði

Allar fundargerðir og fylgiskjöl eru aðgengileg á skeidgnup.is
Scannaðu QR kóðan og þú getur farið beint á fundargerðasíðuna.

Fréttir úr Leikholti

Veirufaraldurinn Covid19 hefur litað líf okkar allra og líka hér í Leikholti. Í byrjun mars byrjuðu handþvottar að vera algengari, sprittið fór á loft og allar hrein-siðgerðir á snerti flötum urðu meira áberandi með hverjum degi. Þegar samkomubannið var sett á 13. mars voru hópskiptingar á milli svæða hertar, ákveðnir hópar máttu bara vera á ákveðnum svæðum út vikuna og börnunum skipt upp eftir aldri. Leikföngum skipt á milli svæða og hreinsað. Foreldrar máttu ekki koma lengra inn í húsið en inn í fataklefa þar sem starfsmaður tók alltaf á móti börnunum og fylgdi þeim upp á efri hæðina. Börnunum var skipt niður á fleiri borð í matsalnum og morgunhressing og síðdegishressing voru felldar niður á meðan samkomubann er í gildi. Foreldrum var úthlutaður tími til að sækja börnin svo ekki allir kæmu að sækja í einu til að takmarka fjölda barna og fullorðna í fataklefanum í einu.

Börnin eru mjög dugleg að aðlagast aðstæðum og vita vel ástæður þess að hlutirnir hafa breyst. Hins vegar getur samt verið erfitt að mega ekki hitta alla vini

sína, muna alltaf að þvo hendur um leið og maður kemur í leikskólann og sérstaklega að foreldrar manns megi ekki koma inn með manni upp á deild eða koma upp og sækja í lok dags. En til þess að valda ekki miklu óöryggi hefur starfsfólk og foreldrar unnið vel saman. Leikskólinn hefur verið opinn fyrir öllum börnum alla virka daga en nokkrir foreldrar hafa skipst á að halda börnunum sína heima til að minnka álagið á leikskólanum. Við erum þeim mjög þakklát.

Eitt af því góða sem verið er alltaf að vinna að í Leikholti er vináttuverkefnið Blær frá Barnaheill sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Hugmyndafræðin endurspeglar í fjórum gildum. Þessi gildi eru útskýrð hér á myndinni frá Blæ.

Mikilvægt er líka að halda í stundir sem við höfum haldið upp á eins og prestsheimsóknir frá Óskari presti alltaf fyrir jól og páska. En þar sem hann mátti ekki koma í húsið eins og aðrir gestir þá sendi hann okkur rafræna kveðju sem okkur var mjög kær. Öll börnin horfðu á kveðjuna hans í sínum hópi og tóku virkan þátt í stundinni. Við þökkum Óskari kærlega fyrir rafrænu stundina hans. Eldri börnin í Vörðufelli skrifuðu honum bréf og teiknuðu handa honum myndir til að þakka honum fyrir.

Öðruvísi dagur var 31. mars og völdu börnin í Vörðufelli að þessu sinni að þetta yrði Töffara/Pæjudagur en það þýddi að börnin

mættu koma í því sem þeim fyndist vera töffara- eða pæjulegt.

Dagur einhverfunnar var 2. apríl í tilefni þess mættu öll börn og starfsfólk í bláu þann daginn og horfðu á myndbönd um einhverfu á www.blarapril.is.



14. apríl mun Leikholt opna aftur með sama sniði og fyrir páska og hlökkum til að sjá vorið koma til okkar.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.

(P.s. Mig langar að koma hrósi áfram á starfsfólk Leikhólts, það hefur staðið sig gríðarlega vel í þessu álagi sem hefur verið í leikskólanum síðustu vikur, þið eru frábær. Kv. Elín Anna leikskólástjóri.)



Fréttir úr Þjórsárskóla

ÁRSHÁTIÐ NEMENDA SKÓLANS

Árshátið nemenda fór fram fyrir luktum dyrum föstudaginn 13.mars. Þemað sem unnið var með þetta árið voru þjóðsögur og ævintýri. Unnið var á stöðvum að undirbúingi, hönnun leikmyndar, leikmuna og búninga, ásamt því að æfa hlutverk og söngtexta. Nemendur stóðu sig ljómandi vel og gerðu gott úr breyttu skipulagi vegna breyttra aðstæðna. Árshátiðin var tekin upp og verður sýnd gestum við gott tækifæri.



FRÉTTIR AF YNGRA STIGI

Nemendum í 1.-4.bekk er skipt í tvo hópa og mæta þeir annan hvern dag í skólann. Þá daga sem þeir eru heima vinna þeir verkefni frá kennurum og skrá þau í dagbók.

Skólastarfið hefur gengið mjög vel og börnin mæta kát og glöð í skólann. Við byrjum morgnanna á lestri og fréttatíma og síðan er unnið á stöðvum. Áherslan á stöðvunum hefur verið á stærðfræði, íslensku og samfélagsgreinar. Á þeim er unnið að fjölbreyttum verkefnum og lögð áhersla á að hver og einn fái innlegg og einstaklingsmiðun. Þá er gaman að finna leið á þessum „skrítnu“ tímum til þess að gleð-



ja aðra og eitt dæmi um það er ritunarstöð. Þar fengu nemendur það verkefni að skrifa bréf til Stínu kokks, skrifuðu henni um uppáhaldsmatinn sinn og gáfu henni hrós. Bréfin skreyttu þau síðan og færðu henni síðasta skóladaginn fyrir páskafrí.

FRÉTTIR AF MIÐSTIGI

Á miðstigi hefur vinna nemenda verið mjög fjölbreytt. Áhersla hefur verið á kjarnafög bæði í skólanum og í vinnunni sem fer fram í því sem við köllum "Heimaskólann". Nemendur fara í hreyfingu úti hvern dag sem



þeir mæta í skólann. Við höfum blandað saman hefðbundnum tímum og stöðvavinnu og virðast nemendur vera ánægðir með vinnuna og glaðir að koma í skólann. Þá daga sem nemendur vinna heima fara samskipti varðandi námið fram í forritinu Microsoft Teams. Þar gefst nemendum og kennurum kostur að spjalla saman um námsefnið og fleira og kennarar koma skipulagi námsins til nemenda. Nemendur skrifa í rafræna dagbók á Teams og halda utan um vinnu sína í henni. Allir hafa lagt sitt af mörkum við að halda vinnunni gangandi á þessum skrítnu tímum sem við lifum nú og við höfum einbeitt okkur að því að sjá það jákvæða sem í kringum okkur er. Við óskum ykkur nota-legra páska!



Mikið álag hefur verið á starfsfólki skólans síðustu vikur og allir hafa lagt sitt af mörkum. Þó hefur jákvæðni og samhugur einkennt skólastarfið. Stjórnendur Þjórsárskóla ákváðu að færa starfsfólki túlipana til að hafa með sér í páskafríið. Hver og einn fékk líka persónulegt hrós fyrir vel unnin störf.

Páskakveðja frá starfsfólki skólans

Haustferð Loga og Smára 2019

Þann 15. nóvember fórum við með rúmlega 40 fjöruga krakka og forleindra í árlegu haustferðina okkar.

Við byrjuðum á því að heimsækja Asu og Óla í Sumarliðabæ og þar var mikið skoðað og leikið sér. Þetta er sennilega flottasta hesthús á landinu og vakti reiðhöllin mikla hrifningu. Gólfefnið í reiðhöllinni er alveg hvítt með lituðu plastkurli. Okkur var sagt að sandurinn hafi verið fluttur inn frá Úkraínu og blandaður með endurunnu plastkurli sem gerði gólfið alveg einstaklega hestvænt. Fyrst voru lagðar mottur með stórum götum og vikur lagður í botninn. Hvíta lagið er svo sett ofan á og vökvað reglulega með stóru vökvunarkerfi sem rennur yfir gólfið svipað og í stóru gróðurhúsi.

Þetta fannst krökkunum mjög skemmtilegt og eltu bunurnar fram og tilbaka og léku sér í vatninu.

Síðan skoðuðum við allar flottu byggingarnar, geymslurnar, barinn, eldhús, baðaðstöðuna og

Ég vil þakka kæra vini mínum honum Guðmundi Heiðari Ágústssyni fyrir þessa skemmtilegu áskorun.

Ég ákvað að grípa tækifærið og gera það grillað lambalæri með bökuðum kartöflum. Uppskriftin er einföld. Lambalærið er látið standa áður í heilan dag vafið í ál pappír með dijon sinnepi og lamkjötskryddi. Þegar kemur af

hesthúsið. Á staðnum voru mörg hjól, bílar og önnur skemmtileg leikföng þannig að það var svaka fjör á öllum göngum af hlaupandi og hjólandi börnum. Takk fyrir okkur Asa og Óli.

Næsta stopp var hjá Klöru Sveinbjörnsdóttur reiðkennara sem starfar við tamningar og þjálfun á Hjarðartúni. Þar tók hún á móti okkur ásamt samstarfsmönnum sínum Hansi Þór Hilmarssyni, Arnhildi Helgadóttur og syni þeirra. Hundinn Vörð þekktu krakkarnir sumir aftur síðan á sumarnámskeiðum og vakti hann mikla lukku og sýndi Klara okkur nokkrar kúnstir sem hún var búin að æfa með honum.



því að grilla daginn eftir er mikilvægt að eiga yfirgefið bað, nóg af kolum og meira af kveikilög en þið haldið að dugi.



Klara reið svo efnilegum stóðhesti, Sindra frá Hjarðartúni undan Stála frá Kjarri og Arnhildur sýndi okkur æðislega ræktunarhryssu og folaldið hennar sem er undan Kveik frá Stangarlæk. Þau fóru öll fallega á góðu brokki og tólti um reiðhöllina og voru eins og hin besta hestafjölskylda. Klara fór í leiki við krakkanna og þökkum við afar góðar móttökur og góða þátttöku í ferðalaginu.

Eftir heimsóknirnar var komið við á Hvolsvelli og snædd pizza og var áberandi gleði við völd frá byrjun til enda ekki síst meðal þeirra fullorðnu og ýmislegt nýtt og flott að sjá ásamt ágætri fræðslu í bland.

Eldið kjötið í klukkutíma (hálf-tíma á hvorri hlið) og geymið það síðan í háltíma í álpappírnum utan grillsins. Sný ég kartöfunum fjórum sinnum á 20 mínútna fresti. Ég mæli með að gera góða sveppasósu og eiga hrásalat í meðlæti.

Ég vil skora á hann Ástráð Unnar Sigurðsson til að gera fallegan rétt í næsta blaði.

Frábær tilboð í apríl!

32%



394

kr/stk
áður
579 kr

Sveita vöflumix
450 gr

30%



1.259
kr/pk
áður
1.799 kr

Kjúklingabringur
Danpo - 900 gr

40%



299
kr/stk
áður
499 kr

Goodfellas Pizza Pockets
250 gr - Pepperoni
eða Triple Cheese

50%



1.680
kr/kg
áður
3.359 kr

Lambalærissneiðar
Kjöttel - með raspi

GOTT
VERÐ



298
kr/pk

H-Berg möndullur
150 gr - 3 tegundir

50%



189
kr/stk
áður
399 kr

Monster Mango Loco
500 ml



Krambúðin

Opnunartími Flúðum:

09.00 - 19.00 Virka daga

10.00 - 18.00 Helgar

Opnunartími Laugarvatni:

09.00 - 19.00 Virka daga

10.00 - 18.00 Helgar

Finndu Krambúðina á [Facebook.com/krambudin](https://www.facebook.com/krambudin)

Krambúðirnar eru 17 talsins. Akranes, Borgarbraut, Borgartún, Byggðarvegur, Firði, Flúðir, Grímsbæ, Hjarðarhaga, Höfgerði, Hringbraut, Húsavík, Laugalæk, Laugarvatni, Lönguhlíð, Skólavörðustíg, Selfoss, Tjarnabraut. Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vörurval getur verið breytilegt milli verslana.

SUNDLAUGAR

NESLAUG

Sími: 486-6117

Vetraropnun (sept-maí)

Miðvikudaga: 17-22

Laugardaga: 13-18

Sunnudaga: 13-18*

*í september og maí

SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500

Vetraropnun (sept-maí)

Mánudaga: 18-22

Fimmtudaga: 17-22

ATH: Opnunartímar gætu breyst vegna covid-19, upplýsingar má finna á facebook.

Umsjónarmaður er Eyþór Brynjólfsson

Sími: 897-1112 | Netfang: eythorb@gmail.com

GÁMASVÆÐIN

Opnunartímar:

Við Árnes:

Þriðjudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:

Miðvikudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 13-15

Gjaldskyldur úrgangur:

Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbröt. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð, tímarit og pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson

GSM: 892-1250 | Netfang: bjarni@skeidgnup.is



Frettabref
Skeiða- & Gnúpverjahrepps

ÁBYRGÐARMAÐUR:

Kristófer A. Tómasson

UMSJÓN OG UMBROT:

Amenic ehf. / Matthías og Kristján

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skilafrestur í næsta blað er 8. maí.

Útgáfudagur er 15. maí.

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Heimasíða: www.skeidgnup.is



WebPro

VEFSÍÐUR
VEFHÝSING
TÖLVUPÓSTUR
FORRITUN

WWW.WEBPRO.IS

WEBPRO@WEBPRO.IS | SÍMI: 419 2525

SKRIFSTOFA SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

SVEITASTJÓRI

Kristófer A. Tómasson

486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

RITARI OG VEFUMSJÓN

Kristjana H. Gestsdóttir,

Sími: 486-6105 - kidda@skeidgnup.is

ÁHALDAHÚS/ÞJÓNUSTUSTÖÐ

Bjarni Jónsson

Sími: 892-1250 - bjarni@skeidgnup.is

ODDVITI

Viðtalstími miðvikudaga kl. 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason

Sími: 895-8432 - oddviti@skeidgnup.is

ÞJÓRSÁRSKÓLI

Sími 486-6000

Skólastjóri: Bolette Høeg Koch

Sími: 486-6051 & 895-9660

bolette@thjorsarskoli.is

LEIKSKÓLINN LEIKHOLT

Sími: 486-5586 - leikholt@leikholt.is

Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir

Sími: 895-2995


AÐALBÓKARI OG LAUNAFULLTRÚI

Puríður Jónsdóttir

Sími: 486-6104 - dudda@skeidgnup.is

OPNUNARTÍMI: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15. Föstudaga: 9-12

SÍMI: 486-6100 - NETFANG: skeidgnup@skeidgnup.is



SELÁSBYGGGINGAR ehf

Reisum með reisin

Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

LJOS@SKEIDGNUP.IS

SIGVALDI K. JÓNSSON: 863-4111

JÓN HÁKONARSON: 669-0095

